

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2008.

1. gr.

Þinggjöld sem leggja skal á tekjur ársins 2007 og ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu, svo og jöfnunargjald vegna alþjónustu, skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2008. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Við skiptingu fyrirframgreiðsluskyldu og eftirstöðva álagningar skal við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum gjalddaga.

Hafi skattur ekki verið greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er frá og með gjalddaga.

Vanskil gjaldanda að hluta valda því að allir skattar gjaldandans falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddaga vangoldinnar greiðslu, en þó ekki fyrr en 15. dag næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

2. gr.

Þar til álagning ársins 2008 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Fyrirframgreiðslan skal á hverjum gjalddaga nema 8,5% af þinggjöldum ársins 2007 og 8,5% af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu sem greiða bar á árinu 2007.

Þau þinggjöld sem greiða skal í fyrirframgreiðslu eru iðnaðarmálagjald og tekjuskattur lögaðila.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækun á þeirri fjárhæð þinggjalda eða jöfnunargjalds vegna alþjónustu sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu ársins 2008 skv. 2. gr. Umsókn um slíka lækun skal senda skattstjóra til úrskurðar. Heimilt er að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra en úrskurður ríkisskattstjóra er endanlegur.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um ræðir fyrir tekjuárið 2007 séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 2006. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda og jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2008 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 112., 114. og 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, og 22. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 12. desember 2007.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2007